

Nd.

70. Frumvarp til laga

[63. mál]

um breyting á lögum nr. 25 22. apríl 1966, um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Einar Ágústsson,
Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 25/1966 orðist svo:
2. töluliður 5. gr. laga nr. 45/1963 orðist svo:
2. Framlag ríkissjóðs, er sé árlega jafnhátt tekjum þeim, er sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkv. 1. tölulið.

2. gr.

Í stað orðanna „allt að 150 milljón króna lán“ í 1. mgr. 2. gr. laganna komi:
allt að 250 milljón kr. lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Iðnaðurinn býr við mikinn og vaxandi lánsfjárskort, þrátt fyrir nokkra eflingu Iðnlánasjóðs að undanfögnu. Með frv. þessu er stefnt að því að rétta nokkuð hlut iðnaðarins í þessum efnunum, en þó engan veginn svo, að fullnægjandi geti talizt nema til bráðabirgða. Mikil þörf er á því að taka öll lánamál iðnaðarins til gaumgæfilegrar athugunar með það fyrir augum, að hann fái þá úrlausn, að samkeppnisaðstaða hans verði verulega styrkt að þessu leyti og grundvöllur lagður að raunhæfri eflingu hans á sem flestum sviðum.

Aðalbreytingarnar á iðnlánasjóðslögum, sem felast í þessu frv., eru tvær.

Í fyrsta lagi er lagt til, að framlag ríkisins verði jafnhátt tekjum þeim, sem sjóðurinn fær af gjaldi því, sem iðnaðurinn greiðir til sjóðsins. Tvö Iðnþing hafa borið fram þessa sjálfsögðu kröfu, og er ekki vansalaust, að Alþingi dragi lengur að verða við henni, þar sem framlög ríkisins til hliðstæðra fjárfestingarsjóða landbúnaðar og sjávarútvegs eru jafnhá framlögum þessara atvinnugreina til sjóðanna.

Í öðru lagi er lagt til, að lántökuheimild sjóðsins sé hækkuð úr 150 millj. kr. í 250 millj. króna.

Nánari grein verður gerð fyrir frv. í framsögu.